

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

Fermingartilboð



**30%
afsláttur**

Fyrir ungt fólk á uppleið



Crown heilsurúm

30% afsláttur

	Verð áður:	Fermingartilboð:
100x200 cm	141.900	99.330
120x200 cm	164.900	114.900
140x200 cm	195.900	137.130



Chiro Standard

30% afsláttur

	Verð áður:	Fermingartilboð:
100x200 cm	162.900	113.900
120x200 cm	186.900	129.900
140x200 cm	220.900	154.630



Chiro Deluxe

30% afsláttur

	Verð áður:	Fermingartilboð:
100x200 cm	171.900	119.900
120x200 cm	199.900	139.900
140x200 cm	235.900	165.130

Vandaðar kantstyrkingar - meira svefnsvæði Val um ConformaFoam heilsu- og hægindalag eða 7cm Latex yfirdýnu.



Eurotop - betur nýttur svefnflötur.
Val um 2 litri á botni - Svart leður - Hvítt leður
5 ára ábyrgð á gormakerfi.
7 svæða heilsu- og hægindalag.
Val um 3 gerðir af löppum - Hvíttuð Eik - Chrome - Wenge

Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlarsvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalag eða 7cm Latex yfirdýnu. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa u.þ.b 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

Þú þarft aldrei að snúa henni **NeverTurn** MATTRESS
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

30 daga skiptiréttur
Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu



Val um 100% náttúruleg gæðaeefni



ConformaFoam eða Latex hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar



Tvíhert háþróað gormakerfi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Don't play with me cause you're playing with fire. - Mick Jagger



BJÖSSI Í GERVI JAGGERS
Á TÓNLEIKUM Í HLÉGARÐI

Byrjaði að leika Jagger í partíum

Björni í Mínus finnst þægilegast að tala ensku sem **Mick Jagger**. Hann er forsprakki tribute-hljómsveitarinnar **Stóns**.

„Við höfum alltaf veitt viðtöl á ensku svo þetta er í fyrsta skipti sem ég tala um þetta á íslensku,“ segir Björn Stefánsson, betur þekktur sem Björni í Mínus, en hann er söngvari í hljómsveitinni Stóns sem spilar á Sódómu föstudagskvöldið 1. apríl. Stóns skipa ásamt Björna félagar hans Krummi og Bjarni úr Mínus, Frosti úr hljómsveitinni Klink, Biggi úr Motion Boys og Kalli úr Lights On The Highway. Um stórskotalið tónlistarmanna er því að ræða í þessari tribute-hljómsveit sem leikur lög Rolling Stones.

Brúa kynslóðabilið

„Þetta hefur gengið alveg fátíðlega vel,“ segir Björni ánægður með viðtökunum og bendir á

breiðan áhorfendahóp Stóns. „Það er einhvern veginn ekkert kynslóðabil á tónleikum hjá okkur og fólk sleppir sér yfir tónlistinni,“ útskýrir hann og bætir við að á tónleikumum nái kynslóðirnar saman. „Þarna geturðu séð sextugan mann dansa við hliðina á átján ára skvísu og allir bara góðir á því.“ Aðspurður segist hann ekki eiga sér neitt uppháldslag með Rolling Stones. „Mér finnst öll lögin með þeim góð,“ útskýrir Björni sem segir Stóns leggja sig fram um að spila lögin almennilega að hætti Rolling Stones. „Við tökum rúmlega þrjátíu lög á tónleikumum og reynum að taka þau eins og Rolling Stones voru að gera í kringum árið 1973,“ útskýrir hann. „Þá voru þeir alveg snar og við tökum lögin

með þessum grodda sem umlukti þá á þessum tíma,“ segir Björni sem þykir einstaklega góður í hlutverki rokkarans Mick Jagger.

Jagger snargeðveikur

„Fólk byrjaði að segja við mig að við værum líkir fyrir einhverjum árum og ég fór að leika hann af og til í partíum,“ útskýrir Björni sem er ekki ósvipaður rokkaranum á hans yngri árum. „Allt í einu var ég kominn á æfingu, við búinir að setja saman hljómsveit og byrjaðir að spila,“ segir Björni sem hefur stúderað Jagger í þaua fyrir hlutverkið. „Þegar við fórum með þetta á fullt sökti ég mér í hann eins og maður gerir við hvern annan karakter,“ útskýrir hann og segir Jagger vera



BJÖSSI ER SKUGGALEGA LÍKUR JAGGER Á HANS YNGRI ÁRUM.

mjög áhugaverðan einstakling. „Hann er náttúrulega snargeðveikur.“ Björni segir það koma af sjálfu sér að tala ensku alla tónleikana sem Jagger. „Þegar ég tala ensku sem ég sjálfur á ég oft erfitt með að halda þræði en þegar ég tala með breskum hreim sem Mick Jagger er þetta ekkert mál,“ segir hann en bætir þó við að það geti verið erfitt að halda uppi þriggja tíma skemmtun og vera sífellt á tánum. Forsala miða á tónleikana 1. apríl fer fram á Midi.is og kostar 1500 krónur inn. Aldurstakmark er 18 ár.

Monitor mælir með

LEIÐ Nýja íslenska gamanmyndin **Kurteist fólk** er að rúlla af stað í kvikmyndahúsum landsins. Um er að ræða hressa mynd með frábærum Stefáni Karli í aðalhlutverki. Monitor að gefa miða á myndina á Facebook.



GÖGGINN Veitingastaðurinn **Uno** við Ingólfstorg, nánar tiltekið Hafnarstræti 1-3, opnaði í janúar síðastliðnum og hefur hlotið gott umtal. Staðurinn býður upp á flottan ítalskan matseðil með þokkalegum fjölbreytileika og pastarétti sem svíkja engan. Frábær viðbót í veitingahúsaflóru miðbæjarins.



UM HELGINA Á föstudagskvöldið fara fram rokk-tónleikarnir **Svinari** sem enginn ekta tónlistarunnandi ætti að láta framhjá sér fara. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í mánaðarlegri tónleikaröð sem Monitor stendur fyrir í samstarfi við Faktory. Það fellur í hlut Reason to Believe og The Vintage Caravan að hita mannskapinn upp þar til Agent Fresco mætir í hús og gerir heiðarlega tilraun til að rífa þakið af húsinu.



Vikan á...

facebook

Tobba Marin-ósdóttir kvartar ekki undan einelti en veltir fyrir sér því að vera kölluð asni, frægðarhóra og vísað sé í hryllingsmyndir til að lýsa mér í fjölmiðli!

30. mars kl. 12:47

Sölvi Tryggvason Þegar tími kemur inn í hugsun förum við frá því sem "er" yfir í það sem "ætti að vera" - Núið tímalausa er allt sem við eigum.

29. mars kl. 23:45

Haukur Heiðar Hauksson Játar sig sigraðan fyrir framan skattframtalið með tárin í augunum. Hvernig er hægt að hafa þetta svona flókið? www.uppgjöf.is

28. mars kl. 23:31

Thorunn Antonia Magnúsdóttir Jæja þá fer Steindinn Okkar að hefjast og ég þarf nýja vinnu!!

28. mars kl. 13:26

Egill Einarsson Var næstum því drepinn af hest áðan. Hestar eru komnir frá the devil!

27. mars kl. 13:45

Feitast í blaðinu

Steindi Jr. og Bent. Hversu vel þekkja þeir hvorn annan? Hrikalega fyndin keppni. >>>4

Nu-metal er tónlistarstefna sem margir vilja gleyma. Sagan í máli og myndum. >>>6

Agent Fresco er á leið í tónleikaferðalag. Þeir spila á Svinari Monitor á föstudag. >>>12

Auddi Blöndal í viðtali. Hann leggur engan mann í einelti. >>>18

Ragnhildur Steinunn í Lokaprófinu. Hún býr yfir miklum fimleika-hæfileikum. >>>22

Efst í huga Monitor Upphitun fyrir söngkeppni

Monitor birtir á næstu dögum myndbönd frá undirbúningshelgi **Söngkeppni framhaldsskólanna** sem fram fór í Iðni dagana 5. - 6. mars. Tekin voru eldhress viðtöl við keppendur sem hægt verður að nálgast á **MonitorTV** á **mbl.is**.

Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin með tilheyrandi lätum í Íþróttahöllinni á Akureyri þann 9. apríl en miðasala er hafin í framhaldsskólum landsins. Líkt og undanfarin ár er það fyrirtækið **AM Events** sem sér um keppnina og má búast við veglegri umgjörð og flottri keppni ef undirbúningshelgin gefur rétta mynd af því sem koma skal.

Keppnin í ár verður sú 21. frá upphafi og ljóst er að spennandi verður að fylgjast með hver fylgir í fótspor þeirra **Kristmundar Axels** og **Júlís Heiðars** sem báru sigurorð úr bítum í fyrra.



ÞAU MUNU SYNGJA SIG HÁS Á AKUREYRI

Traustur vinur?

Steindi vs. Bent

Steindi Jr. og Bent frumsýna aðra þáttaröð Steindans okkar næsta fimmtudag, 7. apríl. „Við erum að fara með íslenskt grín upp í nýjar hæðir. Íslenskt grín hefur verið í hæðum Mount Blanc en við erum að fara að koma því í K2,“ segir Steindi. Þeir Steindi og Bent hafa verið góðir vinir um margra ára skeið, en Monitor lagði fyrir þá baneitrað próf til að komast að því hversu vel þeir þekkja hvorn annan.

HVERSU VEL ÞEKKJAST ÞEIR?

1. Ef hann yrði að fá sér gæludýr, hvaða dýr myndi hann fá sér?
2. Hver er upphaldsskyndibitinn hans?
3. Hvað finnst honum skemmtilegast að gera á netinu?
4. Ef hann þyrfti að eyða nótt með karlmanni, með hvaða karlmanni myndi hann vera?
5. Hver er upphalds-karlinn hans í Mortal Kombat?
6. Hvort vill hann frekar gera á föstudagskvöldi; fá sér nokkra bjóra með þér eða kúra með kæró?
7. Hver er helsti hæfileikinn hans, að hans eigin mati?
8. Hvenær fór hann síðast að gráta?
9. Hver er upphalds-staðurinn hans í heiminum?
10. Hver var átrúnaðar-goðið hans þegar hann var í 8. bekk?
11. Ef hann þyrfti að velja á milli þess að vera lögga, sjómaður eða atvinnufjárfestir, hvað myndi hann velja?
12. Hver er upphaldsbíómyndin hans?
13. Ef hann mætti velja sér hvern sem er til að fara á djammíð með eitt kvöld, hvern myndi hann velja?



Það sem Steindi heldur um Bent

1. Hann myndi fá sér útikött. **RÉTT**
2. Nonnabiti.
Rétt svar: Hamborgarafabrikkan.
3. Að hanga á skrýtnum spjallborðum.
Rétt svar: Að senda nafnlaus sms.
4. Hann myndi pottþétt vilja vera með einhverjum útlenskum frekar kvenlegum karlmanni. **1/2 RÉTT**
Rétt svar: Seth Sharp.
5. Liu Kang.
Rétt svar: Reptile.
6. Hann myndi fá sér nokkra bjóra með mér. **RÉTT**
7. Hann er góður að redda sér og getur fönðrað alls konar dót. **RÉTT** (Bent segir: Ég get búið til gott stöff.)
8. Sem unglingur þegar hann hefur verið skammaður eða misstigið sig eða eitthvað svoleiðis.
Rétt svar: Ég táraðist yfir Simpsons-þætti fyrir nokkrum vikum.
9. Ætli upphaldsstaðurinn hans sé ekki pallurinn heima hjá honum þegar hann er hálfur ofan í útisundlauginni.
Rétt svar: Portið hjá Prikinu.
10. Ghostface Killah úr Wu-Tang.
Rétt svar: Robbi Kronik.
11. Lögga. Bent yrði ágætis lögga. Það er svo mikið vald í honum.
Rétt svar: Atvinnufjárfestir.
12. Terminator II. Við ætluðum meira að segja að fá okkur tattú með frösum úr myndinni. Hann ætlaði að fá sér: „I want your clothes your boots and your motorcycle“ og ég ætlaði að fá mér „She's not my mother, Todd!“ **RÉTT**
13. Ég segi Dave Chapelle.
Rétt svar: Joe Rogan.

Það sem Bent heldur um Steinda

1. Skjaldböku.
Rétt svar: Hund.
2. KFC. **RÉTT**
3. Að skoða feisbúkkið hans Jóns stóra.
Rétt svar: Ég er mest á tölvuleikjasiðum og sketsasiðum. Svo er ég með „move list“ úr Mortal Kombat 2 sem upphafssiðu.
4. Audda Blö.
Rétt svar: Er það ekki bara Jóhann Alfred úr Mið-Íslandi? Það yrði örugglega jafn óþægilegt fyrir okkur báða.
5. Kung Lao.
Rétt svar: Kabal.
6. Hann myndi fá sér ógeðslega marga bjóra. **RÉTT**
7. Að spila Mortal Kombat og COD.
Rétt svar: Ég er ógeðslega góður í sjómann. Fokk hvað ég er handsterkur.
8. Þegar hann tapaði í valinu á sjónvarpsmanni ársins á Eddunni.
Rétt svar: Þegar ég var krakki. Menn eru ekki að gráta mikið í dag þó þeir verði leiðir.
9. Álafoss í Mosó.
Rétt svar: Seyðisfjörður.
10. Jón Gnarr. **1/2 RÉTT**
Rétt svar: Tvihöfði.
11. Sjómaður. **RÉTT**
12. Billy Madison. **RÉTT**
13. Óla í Game Tívi.
Rétt svar: Er það ekki bara Jeremy Piven?

Steindi og Bent skilja jafnir með 4½ stig hvor

www.opticalstudio.is



RAY-BAN / RB 4101 / Jackie O

Ray-Ban[®] ...ný sending

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

UMBOD FYRIR RAY-BAN Á ÍSLANDI: MIÐBAUGUR EHF.



LAUFEY HARALDSDÓTTIR, BJARNI LÚÐVÍKSSON OG BJARKI FREYR MAGNÚSSON

ÚRSLIT



STEFÁN KRISTINSSON, ÓLAFUR HAFSTEIN PJETURSSON OG JÓN ÁSKELL ÞORBJARNARSON

GETTU BETUR

Kvennó MR



laugardaginn
2. apríl
kl. 20:10



Hinsta Gettu betur-viðureign vetrarins fer fram laugardaginn nk. þegar Kvennaskólinn í Reykjavík mætir

Menntaskólanum í Reykjavík. Úrslitakeppnin í ár verður haldin í Háskólabíó sem er mikið fagnaðarefni fyrir nemendur skólanna. Salurinn tekur 970 manns í sæti, en sjónvarpskeppnir hingað til hafa farið fram í 150 manna myndveri, svo ljóst er að stemningin verður án efa rífandi í Háskólabíó á laugardagskvöldið næstkomandi. Í fyrri umfjöllun Monitor um Gettu betur var dregið stuttlega á lukkuðýri Kvennaskólans í sjónvarpskeppnunum, hinni stórglæsilegu bleiku górilla. Í millitíðinni birtist maðurinn með ljáinn á sjónvarpsskjáum landsmanna í hlutverki e.k. lukkuðýrs MR-inga. Með öðrum orðum mun Háskólabíó ekki eingöngu verða að blóðugum vígvelli tveggja nágrannaskóla á laugardaginn næstkomandi – heldur einnig vettvangur einvígis milli Bleiku górilla og Dauðans.

LEIÐ KVENNÓ AÐ ÚRSLITUM:

- Undanúrslit: 23-13 gegn FG
- 8-liða úrslit: 27-24 gegn MA
- 2. umferð: 26-10 gegn MÍ
- 1. umferð: 30-2 gegn FÍV

LEIÐ MR AÐ ÚRSLITUM:

- Undanúrslit: 27-15 gegn MH
- 8-liða úrslit: 32-14 gegn FSu
- 2. umferð: 26-5 gegn FSH
- 1. umferð: 21-17 gegn MS

Sigurvegarar frá upphafi

- 1986 Fjölbrotaskóli Suðurlands
- 1987 Fjölbrotaskólinn í Breiðholti
- 1988 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1989 Menntaskólinn í Kópavogi
- 1990 Menntaskólinn við Sund
- 1991 Menntaskólinn á Akureyri
- 1992 Menntaskólinn á Akureyri
- 1993 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1994 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1995 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1996 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1997 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1998 Menntaskólinn í Reykjavík
- 1999 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2000 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2001 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2002 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2003 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2004 Verzlunarskóli Íslands
- 2005 Borgarholtsskóli
- 2006 Menntaskólinn á Akureyri
- 2007 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2008 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2009 Menntaskólinn í Reykjavík
- 2010 Menntaskólinn í Reykjavík



Eva María Jónsdóttir
2009-2010
Er nú námsmaður í fæðingartíðni.



Sigmar Guðmundsson
2006-2008
Ritstjórnir nú Kastljósinsu.



Logi Bergmann Eirsson
1999-2005
Starfar nú sem fréttamaður á Stöð 2 ásamt því að stýra Loga í beinni.



Davíð Þór Jónsson
1996-1998
Er nú meistaranemi í guðfræði.



Ómar Ragnarsson
1995
Þúsundþjalasmiður.



Stefán Jón Hafstein
1991-1994
Hefur starfað í sjórnmálum og í þróunaraðstoð í Namibíu.

Fyrrum spyrjar í Gettu betur

Vissir þú að...?

...að feðginin **Edda Hermannsdóttir** og **Hemmi Gunn** hafa bæði gegnt hlutverki spyrils í Gettu betur en Hemmi Gunn gegndi þeirri stöðu árið 1987?



... Menntaskólinn í Reykjavík var stofnaður í núverandi mynd árið 1846 og Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1874?

... rapparinn **Erpur Eyvindarson** tók þátt í Gettu betur fyrir hönd FG-inga á sínum menntaskólaárum?



... nú má svo finna hóp á Facebook undir yfirskriftinni „Við viljum sjá Erp Eyvindarson sem Gettu betur spyril“ og að í honum eru 3.484 einstaklingar eða 1,2% þjóðarinnar!?

... í dag skilja u.þ.b. 230 metrar Kvennó og MR í sundur? Sú vegalengd minnkar reyndar töluvert á næsta skólaári, eða í um það bil 115 metra, þegar skólinn tekur Fríkirkjuveg 1 í notkun.

... menntamálaráðherra, **Katrín Jakobsdóttir**, sat sem stiga- og tímavörður Gettu betur árið 1997 – veturinn eftir að hún útskrifaðist frá MS?



SKAPARAR VERKSINS GIBBLA
SEM FRUMSÝNT VERÐUR UM HELGINA

Myndir/Árni Sæberg

GIBBLA SÝNINGAR:

Föstudaginn 1. apríl
Sunnudaginn 3. apríl
Miðvikudaginn 6. apríl
Sunnudaginn 10. apríl
Nánari upplýsingar á Tjarnarbio.is.

Eins og venjuleg meðganga

Darí Darí frumsýnir verkið **Gibbla** um helgina. **Monitor** ræddi við **Ingu Maren Rúnarsdóttur**, dansara og danshöfund, um verkið og dansbransann á Íslandi.

Íslenski danshópurinn Darí Darí frumsýnir um helgina nýtt íslenskt dansverk sem ber nafnið Gibbla. „Þetta er í rauninni frumsýning á þremur verkum í einu,“ útskýrir Inga Maren Rúnarsdóttir, einn af meðlimum Darí Darí sem skipað er henni, Guðrúnu Óskarsdóttur og Kötlu Þórarinsdóttur. „Gibbla er dansverk, tónlistarverk og myndverk svo allir ættu að geta fundið í því eitthvað við sitt hæfi,“ bendir Inga á en tónlistin er samin af Lydíu Grétarsdóttur og myndverk er eftir Þóru Hilmarsdóttur.

Purfa að vera útsjónarsamar

Darí Darí hefur unnið lengi að verkinu sem er þó byggt á fyrra verki þeirra sem var sýnt í grunnskólum árið 2008. „Í rauninni unnum við þetta frá grunni aftur þó við notum eitthvað úr upprunalega verkinu,“ útskýrir hún og bendir á að þá hafi verkið einungis verið dans. Hún segir verkið í núverandi mynd hafa verið lengi í

vinnslu. „Við byrjuðum að ræða hugmyndirnar síðasta sumar svo ferlið hefur verið svipað langt og venjuleg meðganga,“ segir hún hlæjandi og bætir við að síðastliðnir tveir mánuðir hafi verið sérstaklega stífir. „Síðustu tvo mánuði höfum við verið saman á hverjum degi að vinna að verkinu,“ útskýrir Inga Maren og segir vinnslu myndbandsins hafa verið heljarinnar áttak. „Við unnum langt fram á nótt í heila viku til að þurfa að leigja tækjabúnaðinn í skamman tíma,“ segir hún og bætir við að uppsetning á svona sýningu sé virkilega kostnaðarsöm. „Við fengum listamannalaun til að vinna verkið en enga aðra styrki svo við þurftum að vera mjög útsjónarsamar.“

Lifa á dansinum

Inga Maren, Guðrún og Katla starfa allar sem atvinnudansarar en Inga Maren segir oft geta verið mjög erfitt að lifa á dansinum einum saman.

„Ég held að flestir í þessum bransa flakki mikið á milli verkefna og þurfi að kenna með,“ segir Inga Maren sem er sjálf á leiðinni til Bandaríkjanna í vor að sýna með dansflokki þar. „Það eru engir geðveikir möguleikar á háum launum sem dansari svo maður er ekki í þessu út af peningunum.“

Lífsþræðir og örlaganornir

Gibbla sækir innblástur í örlaganornir Urði, Verðandi og Skuld en Inga Maren segir þær stóllur ekki hafa viljað kafa of djúpt í viðfangsefnið. „Við ákváðum að hafa þetta einfalt og vinna með örlaganornir og sérstaklega lífsþræðina sem þær spinna,“ útskýrir hún og bendir á að verkið sé örlítið dramatískt á köflum. Gibbla verður frumsýnt þann 1. apríl í Tjarnarbioi og sýnt þar áfram. „Draumurinn væri auðvitað að sýna verkið erlendis svo vonandi fær það góðar viðtökur,“ segir Inga Maren spennit fyrir fæðingunni eftir langan og strangan undirbúning.



Við lánum þér ekki fyrir
tískuvikunni í New York



MY WAY OR THE HIGHWAY...
FRED DURST Á WOODSTOCK '99



HVAÐ ER NU-METALL?

Nu-metal er tegund rokkónlistar sem öðlaðist miklar vinsældir upp úr miðjum tíunda áratugnum og lifði í tæp tíu ár. Aldrei var búið til fullnægjandi orð um fyrirbærið á íslensku, en nýmálmur og rapp-rokk voru meðal þeirra heita sem notuð voru en festust þó aldrei. Tónlistin var í grunninn þungt rokk, en ólíkt hefðbundna þungarokkinu voru gítaríff nu-metalsins einföld og lagauppbyggingin líkari því sem gengur og gerist í popptónlist. Stundum voru hiphop-áhrifin í stóru hlutverki. Rapparar í stað söngvara og plötusnúðar í stað sólgítarleikara. Erindin oftast en ekki röppuð og viðlöginn annað hvort sungin eða öskruð af mikilli angist.

Hvað varð um nu-metalinn?

Þetta er spurning sem fáir spyrja sig að dags daglega, enda er þessi tegund tónlistar oftast álitin smánarblettur á rokksögunni. Þó er það alltaf merkilegt þegar vinsæl tónlistarstefna fer að sofa að kvöldi og vaknar aldrei aftur. Nu-metal blaðran sprakk og leifar hennar þutu út í loftið með aumu freti. Hljómsveitimar voru mýmargar, en aðeins örfáar sveitir lifðu nu-metal bylgjuna af. **Haukur Viðar Alfreðsson** fer yfir ris og hnignun nu-metalsins.

Uppruninn

Mönnum greinir á um hver raunverulegur uppruni nu-metalsins sé. Auðveldast er að benda á Kaliforníu-sveitina **Korn** sem gaf út sína fyrstu breiðskífu í lok ársins 1994. Það tók þá þrjár plötur að verða að því ofvaxna batterí sem þeir á endanum urðu, en strax eftir fyrstu plötuna spruttu upp ótal margar sveitir sem vildu vera eins og þeir. Aðrir telja upprunann staðsettan ári fyrr þegar kvikmyndin Judgment Night kom út. Tónlistin úr myndinni varð geysivinsæl og samanstóð af lögum í flutningi stærstu sveita þungarokksins annars vegar og rapps hins vegar. Thrash-kóngarnir í Slayer voru paraðir saman með Ice-T, Everlast og félagar í House of Pain gerðu lag með Helmet, nýbylgjubörnir í Sonic Youth áttu lag með Cypress Hill og svo mætti lengi telja. Kokkteillinn þótti vel heppnaður og sýndi fram á það að rapp og rokk gæti átt samleið.

Rage Against the Machine

Enn aðrir vilja rekja upprunann til hljómsveitarinnar **Rage Against the Machine**. Þó þeir séu ekki nákvæmlega samkvæmt nu-metal forskriftinni þá má færa rök fyrir því að þessi ágæta sveit hafi verið seinni tíma

nu-metal sveitum þó nokkur áhrifavaldur.

Rage-liðar sömdu einföld lög, oft í Drop-D stillingunni (auðveld gítarstilling fyrir byrjendur) og frontmaðurinn Zach De La Rocha rappaði og öskraði á víxl.

ÚtBreiðsla nu-meTAL f3nsunnar

Eins og fram hefur komið voru það drengirnir í Korn sem fóru fyrstir manna „alla leið“ með nu-metalinn. Á fyrstu plötunni spiluðu þeir furðulega blöndu af hiphoppi og þungarokki, sungu um angist táningsins og skreyttu músíkina á köflum með sekkjapípu. Á næstu plötum urðu hiphop-áhrifin meira áberandi. Söngvarinn, Jonathan Davis, var farinn að hneigjast til rapps og hljómurinn slípaðist smám saman. Í kjölfar vinsælda Korn komu aðrar sveitir sem sóttu í sama sarp. **Limp Bizkit** gengu skrefinu lengra og voru með plötusnúð innanborðs sem skrattaði á viðeigandi stöðum á meðan Fred Durst rappaði og söng um mál sem voru honum hugleikin, kynlíf og unglingsveiki. Limp-drengirnir urðu stórstjörnur líkt og átrúnaðargoð þeirra í Korn og nu-metalinn var nú orðinn áberandi í útvarpi og á MTV. Minni spámenn vildu einnig fá bita af kökunni og er listinn yfir löngu gleymdar sveitir úr þessari bylgju nánast óteljandi.

Einhverjir kannast ef til vill við sveitir á borð við Snot, Powerman 5000 og Coal Chamber. Færri gætu þó raulað með þeim lag.

Eldri sveitir smitast

Nu-metalinn var, líkt og spænska veikin forðum daga, bráðsmitandi og vinsælar rokk-sveitir í eldri kantinum tóku til við að twizta. Brasilíumennirnir í Sepultura gáfu út plötuna Roots árið 1996 sem var undir

miklum áhrifum frá hinni nýju bylgju, þó vissulega sé plata þeirra Chaos A.D. frá árinu 1993 fyrirboði um hina breyttu stefnu. Á Roots döðruðu drengirnir við hiphoppið, fengu til liðs við sig brasilíska frumbyggja sem börðu bumbur, og buðu plötusnúð í kaffi í einhverjum laganna. Nýju lögin voru einfaldari en áður og hljómurinn var dýpri. Allt samkvæmt hinni nýju uppskrift. Gömlu brýnin í Slayer voru varkárari í nálgun sinni á nu-metalinn. Þeir létu sér nægja að stilla gítarana niður um heilnótu og poppa sig upp. Platan Diabolus in Musica var hægari og auðmeltari en fyrri verk, gítarsólóum fækkaði um helming og textasmíðarnar leituðu meira inn á við. En það voru ekki bara rokk-sveitir sem námu land á rappslóðum. Rapparar fóru í auknum mæli að herða sig. Sjálfur Ice Cube rappaði stundum með rokk-sveitum og Cypress Hill gáfu út þungarokksplötu. Meira að segja næntis-góðið Vanilla Ice tók ímynd sína og tónlist í nu-metal meikóver og gaf út plötuna Hard to Swallow.

Heimsvífráð

Nu-metal æðið náði hámarki á árunum 1998-2001. Á MTV mátti vart sjá tyggjókúlupoppa lengur. Allir voru húðflúraðir, með rafmagnsgítar og derhúfu. Gítarsóló höfðu ekki heyrst í mainstream

þungarokki í mörg ár og þekktasta þungarokkshátíð heims, Donington-hátíðin, hafði verið lögð af. Gamla þungarokkið þótti ekki lengur móðins og nú fóru menn á Family Values-túrinn (furðulegt rapp/rokk-hringleikahús runnið undan rifjum Korn og Limp Bizkit). Enginn var maður með mönnum nema hann stafsetti hljómsveitarnafn sitt með furðulegum táknum, bókstöfum og tölum. Korn voru, eins og frægt er orðið, stafsettir með R-ið á röngunni (KORŃ), og nöfnin urðu æ glóruslausari. (hæð) p.e., Puddle of Mudd, Kill II This og Lostprophets voru aðeins nokkur fjöldamargra banda sem gáfu skít í hefðbundna stafsetningu og málfræði.

Hnignun og yfirhylling

Upp úr 2001 fór þrettándinn að þynnast. Ekki er alveg vitað hvað gerðist, en nu-metalinn fór smám saman að þykja hallærislegur. Líklegast var ástæðan sú að listamennirnir gengu svo langt í æðinu að þeir enduðu sem paródía af sjálfum sér. Fléttaðir hökutoppar og silfrud andlitsmálning þótti um miðjan síðasta áratug álíka aulaleg og skræpótt rave-tíska fyrri hluta 10. áratugarins og hægt og rólega fóru stærstu nöfn nu-metalsins yfir í hefðbundnara rokk. Í seinni tíð er þessi merkilega en stórundarlega tónlistarstefna eins og vandræðaleg fermingarmynd. Fyrirsætan skammast sín og geymir myndina í læstum skáp uppi á háalofti. Að sama skapi reyna margar sveitir að gera lítið úr eldri afrekum sínum á sviði nu-metals. Sérstaklega gömlu sveitirnar sem hermíkrákuðu út einni eða tveimur plötum í þessum stíl áður en þær héldu áfram sinni upprunalegu stefnu. Nu-metalinn er kominn og farinn. Það þýðir víst lítið fyrir þessar sveitir að afneita þáttöku sinni því sönnunargögnin liggja fyrir. Yfirleitt í formi rykfallinna geisladiska í hirslum ungra manna á aldrinum 25-30 ára. Þar liggja þeir með sín ömurlega ljótu umslög og stórkostlega fyndnu lagaheiti. Þetta er ekkert til að skammast sín fyrir. Ég er þrælur sjálfur.



JONATHAN DAVIS ÚR KORN
NOTAR EKKI PANTENE PRO-V

NU-METALL Á ÍSLANDI

Nu-metal bylgjan náði föttestu hér á landi eins og annars staðar. Á árunum 1998-2002 mátti heyra dántjónaðan angistarmálminn úr öðrum hverjum bílskúr á landinu. Ökryndir konungar stefnunnar hér á landi voru strákarnir í **Spitsign**. Í kringum sveitina myndaðist lítill en ástríðufullur kjarni sem enn má finna leifar af í dag. Spitsign-strákarnir fóru í ólíkar áttir eftir að sveitin var lögð niður. Meðlimi hennar mátti síðar finna í hljómsveitum á borð við Minus, Reykjavík og Quarashi. En Spitsign voru ekki lengi einir í paradís. Holskefla bílskúrsbanda á borð við Toymachine, B-Eyez, Elexir, Delta-9 og d.u.s.t. fylgdu í kjölfarið. Listinn er nokkuð langur. Sum bandanna gáfu út demó, örfáar gerðu breiðskífur, en flestar þeirra aðeins fáein lög sem skiptu um hendur á skrifðum diskum á tónleikum. Vefsíðan Doringull.com var stofnuð til þess að halda um heimasíður þessara hljómsveita, umbreyttist í Harðkjarna.com og lifir enn í dag, með breyttum áherslum þó.



RAGE AGAINST THE MACHINE
HAFÐI MIKIL ÁHRIF



COAL CHAMBER

Los Angeles-sveitin Coal Chamber átti stutta en eftirminnilega dvöl í nu-metal klukkunni. Lag þeirra, Loco, varð þeirra þekktasta, og söngvarinn Dex Fafara klæddist iðulega netabolum, með augnmálinu og hring að hætti nautgripa í nefinu.




MUSHROOMHEAD

Þessi sveit var misheppnuð frá A til Ö. Fyrir utan það að vera frá Cleveland þá voru Mushroomhead yfirleitt átta talsins og ætíð í búningum og með grímur. Það misheppnaðasta við þá var samt endalaust væl þeirra í fjölmiðlum um að hljómsveitin Slipknot hefði stolið mynd þeirra. Slipknot urðu risastórir en Cleveland-drengirnir sátu eftir með sárt ennið. Töldu sig hafa fundið upp búninga- og grímu gimmickið en höfðu greinilega ekki heyrt um hljómsveitina GWAR.



GODSMACK

Godsmack voru ekki jafn ýktir í útliti og kollegar þeirra, en voru engu að síður myndir. Söngvarinn, Sully Erna, var nefnilega nörn. Hann stundaði normatrú og tjáði sig opinskátt um þessa iðju sína í fjölmiðlum. Þar að auki er hann gaur, og heitir Erna, sem gerir hann sjálfkrafa asnalegan.



CRAZY TOWN

Þessir drengir litu út eins og húðflúruð útgáfa af Boyzone og Backstreet Boys, spiluðu týpíska blöndu af rappi og rokki, en náðu gríðarlegum vinsældum með lagi sínu Butterfly, sem gekk fram af hörðustu nu-metal hausum fyrir mikla múkt og ævintýrlega lummulegar rapp-pósúr.

MUDVAYNE

Mudvayne voru harðari en margar af samtímasveitum þeirra. Þeir voru þó ekkert minna bjánalegir. Iðulega voru þeir með andlitsmálinu og sviðsnöfn þeirra toppuðu allt. Kud, Gurr, RyKnow, og sPaG (seinna Chüd, Güüg, Rü-D, og Spüg).



ALLIR DAGAR ERU ÖSKU-DAGAR Í HEIMI NU-METALS

-en við lánnum þér fyrir miðla á Reykjavík Fashion Festival

Kredia proud sponsor of Reykjavík Fashion Festival



Einföld þægindi



Þú skráir þig á www.kredia.is og sækir um að gerast lántakandi (tekur aðeins örfáar mínútur).



Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið 1919.



Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

www.kredia.is



Nóatúni 17 105 Reykjavík Sími 515 1919

Tónleikaferðalag UM EVRÓPU í uppsiglingu

Hljómsveitin **Agent Fresco** er ein af þeim heitustu í dag. Monitor ræddi við **Arnór Dan**, söngvara sveitarinnar, um meik og **Mariah Carey**.

Hvernig hefur gengið að fylgja plötunni A Long Time Listening eftir? Ótrúlega vel. Við höfum fengið mjög góðar viðtökur og frábæra dóma. Svo erum við búnir að vera rosalega duglegir að spila mikið og troða okkur út um allt. Mér finnst allur þessi tími renna í eitt því gerð plötunnar var svo fáránlega mikil vinna. Maður var kannski í stúdíói til klukkan sjö á morgnana og mætti svo á tólf tíma vakt í vinnunni klukkan átta.

Hvernig náði þið að vera með svona klíkkaða sviðsframkomu á hverjum einustu tónleikum? Alveg frá því að við spiluum fyrst á Músíktílaunum þegar við vorum nýbyrjaðir hefur þetta komið mjög eðlilega. Þá kom þessi sviðsframkoma á fyrstu sekúndunni uppi á sviði. Ég hafði ekki hugmynd um að strákarnir myndu líka hreyfa sig svona mikið enda höfðum við verið í einhverjum þínulitlum bílskúr að æfa. Þetta kemur bara með tónlistinni og ég var einmitt að segja við Tóta um daginn að þetta væri í rauninni bara dans.

Er rokið endalaust partí og óteljandi grúppíur? Nei, það er endalaust af

nýjum vinum og auðvitað er alltaf tekið vel á móti okkur þar sem við spilum. Ég reyni alltaf að þakka öllum fyrir að mæta en ég veit ekki alveg með grúppíurnar. Það eru kannski frekar ungrir strákar en stelpur sem hlusta á okkur.

Ætlið þið að meika það í útlöndum? Við ætlum á tónleikaferðalag um Evrópu í júní og júlí. Þá þurfum við bara að fá rétta liðið til að mæta og skapa góða stemningu úti. Sem betur fer er þetta allt að gerast því við höfum lengi stefnt til útlanda.

Hvert er uppáhaldscoverlagið ykkar? Ég væri til í að taka meira af coverlögum en við höfum bara tekið coverlög einu sinni. Það var á jólatónleikunum sem X-ið hélt. Við tókum All I Want For Christmas Is You með Mariah Carey sem var geðveikt.

Hvort mynduð þið frekar vilja taka upp plötu með Loga Bergmanni eða Loga Geirssyni? Ég vil bara tríó. Barbershop-tríó með þeim báðum væri ábyggilega frábært. Því fleiri, því betra!

Í KJÓLINN
FYRIR JÓLIN



Lily Allen hannar kjóla

Systurnar **Lily Allen** og **Sarah Owen** hanna saman fatalínu fyrir **búð sína, Lucy In Disguise.**

Lily Allen sló í gegn sem söngkona en gaf út yfirlýsingu á síðasta ári þess efnis að hún væri hætt í tónlistarbransanum. Hún sagði tekjumöguleika ekki vera næga í tónlistinni vegna ólöglegs niðurbals. Allen ákvað því að söðla um og sneri sér að tískubransanum.

Viðráðanlegt verð

Fyrir hálfu ári síðan stofnaði hún fataverslunina Lucy In Disguise sem hefur greinilega gengið vel því nú hefur Allen ásamt systur sinni, Sarah Owen, ákveðið að hanna fatalínu. Systurnar stofnuðu Lucy In Disguise til að bjóða upp á fallegar vörur á viðráðanlegu verði og mun það sama gilda fyrir fatalínuna sem mun samanstanda af 18 kjólum.

Kjólarnir nefndir eftir frægum

Nokkrar teikningar af kjólum úr línunni hafa nú þegar litið dagsins ljós en kjólarnir verða fáanlegir í Lucy In Disguise og á vefsíðu búðarinnar í sumar. Innblásturinn er að sögn Allen hin smekklega Lucy sem ferðast um tímann og klæðist fallegum kjólum. Kjólarnir eru því í margskonar stílum frá hinum ýmsu tímabilum. Hver kjóll verður nefndur eftir frægri persónu eða frægum stað og ríkir mikil spenna fyrir nafngiftunum.



0 kr.
að hringja innan
kerfis Símans
með 1.990 kr.
áskrift.

Vertu með á Akureyri 7.-10. apríl 2011!

**LIVE
PROJECT.IS**

AK EXTREME á Liveproject.
Hægt verður að senda vídeó/mynd
á liveproject.is/akextreme



VERTU MEÐ



Kannaðu málið

PRENTUN & PÖKKUN

Nýbýlavegur 26-28 (Dalbrekkumegin)
200 Kópavogi - Sími **568 8838**
www.prentunogpokkun.is

Alltaf verið mömmustrákur

Auðunn Blöndal um væntanlegu kvikmyndina Leynilögga, brotthvarf Auða og Sveppa af skjánum, einelti, fyndni, Sauðárkrók og hattapokann sem er ekki heilagur.

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

bjornbragi@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Fyrir áratug var Sauðkræklingurinn Auðunn Blöndal að telja skráfur á lagernum hjá Würth og keyrði um á rauðum Hyundai Coupe. Eftir að honum tókst að „væla sig“ inn á PoppTívi fór boltinn að rúlla og 70 mínútur, Strákarnir, Tekinn, Typpatal, Svínasúpan, Atvinnumennirnir okkar og Auði og Sveppi eru á meðal þess sem hefur bæst á ferilskrána. Nú er á teikniborðinu hjá Auða að gera kvikmynd upp úr trailernum Leynilögga sem sló í gegn á dögunum. „Ég hef alltaf verið hálfgerður aumingi og mömmustrákur,“ segir Auði sem hefur húmor fyrir sjálfum sér en gerir flest annað en að leggja í einelti.

Byrjum á byrjuninni. Þú samdir textann við lagið Án þín sem samsveitungur þinn frá Sauðárkróki, Sverrir Bergmann, sigraði Söngkeppni framhaldsskóla með um aldamótin. Kunnugir segja að þú hafir verið einstaklega stoltur af textanum. Er það rétt og ertu jafnstoltur af honum í dag?

Já, eins asnalegt og það er að segja það þá er ég alveg stoltur af honum. Ég reyndar monti mig ekki jafnmikið af honum í dag og ég gerði fyrir tíu árum, en maður er alveg stoltur af þessum texta þó að það sé ein og ein lína þarna sem að hefði mátt fara öðruvísi.

Ég skæri mér hjartað úr með skeið...

Það er tekið úr myndinni Hrói höttur. Þar var einhver svo reiður að hann vildi láta skera hjartað úr gæja með skeið. Við vorum nýbúinir að horfa á Hróa hött og þannig kom þessi lína. Félagi okkar, Árni Þóróddur, hafði öskrað þetta á stelpu eftir ball í Miðgarði. Að hann væri svo ástfanginn af henni að hann myndi skera úr sér hjartað með skeið bara fyrir að fá að tala við hana. Við grenjuðum úr hlátri og þetta fór í textann. Ég auðvitað vissi ekki þá að þetta yrði spilað út um allt og það kannski fötudu ekki allir húmorinn.

Hvernig týpa varstu á menntaskólaárunum á Sauðárkróki?

Ég var bara svona íþróttalúði og var mikið í körfubolta og fótbolta. Svo var gert mikið grín að mér þegar ég keypti mér rauðan Hyundai Coupe og menn töludu um að ég keyrði um á notuðu dömubindi. Ég fékk að heyrja það aðeins fyrir það. Amma greyið var líka alltaf að fá einhverjar nótur því ég skrifaði bílinn á hana.

Hvenær fluttir þú í bæinn og hvað fórstu að gera?

Ég flutti í bæinn tvítugur og fór að vinna á lagernum í Würth. Ég hálfskammaðist mín fyrir að vera að vinna þar, sem mér finnst sorglegt að hugsa til í dag því það er auðvitað bara gott hjá fólki að vera í vinnu. En þarna voru allir vinir mínir komnir í háskólann á meðan ég var á rauðum Hyundai Coupe í Würth að telja skráfur. Ég var alltaf að segja öllum að ég væri að fara að gera eitthvað annað en það gerðist ekki neitt. Svo loksins eftir tvö ár var ég búinn að væla nóg í Simma (Vilhjálmsyni) um að fá að leika í falinni myndavél hjá þeim og þannig byrjaði PoppTívi-dæmið.

■ ■ ■ Ég er reyndar byrjaður að þvo af mér í dag. Skrýtið að maður skuli segja það og vera stoltur af því.

Hvernig kynntist þú Simma og félagum og komst inn á PoppTívi?

Ég var bara að væla í Simma á djamminu. Ég þekkti engan af þeim en sagði við hann að ég gæti hjálpað og svona. Ég var búinn að sækja um sex eða sjö sinnum og þeir voru eiginlega bara orðnir þreyttir á að ég væri alltaf að hanga þarna og betla í þeim þannig að þeir gáfu mér séns. Það gekk vel og svo fór boltinn að rúlla.

AUÐI Á 70 SEKÚNDUM

Uppáhaldsviðmælandi? Útlenskur er Jamie Foxx, mér fannst geggjað að taka viðtal við hann. Ætli íslenski sé ekki Óli Stef.

Uppáhaldslyftingaæfing? Bekkpressan.

Uppáhaldsstaður í heiminum? Skagafjörður.

Það versta við Sauðárkrók? Litill bær og baktal.

Tindastóll eða Manchester United? Úff, ég verð að segja Manchester United.

Fyndnasti maður sem þú hefur hitt? Pétur Jóhann Sigfússon.

Mesta ógeð sem þú hefur drukkið í ógeðsdrykk? Fish Sauce. Það er algjör viðbjóður. Ég held hún sé sett í mat til þess að skemma hann. Það og lýsi. Undir lokin vorum við búinir að finna léttu leiðina að því að gera ógeðsdrykk. Ef þú settir Fish Sauce og lýsi þá varð allt ógeðslegt.

Fríðrik Dór, Fríðrik Þór eða Hannes Þór? Frikkí Dór er eiginlega sá viðmælandi sem hefur komið mér mest á óvart síðustu ár og Hannes er auðvitað snillingur. Eigum við ekki að segja að Frikkí sjái um tónlistina, Hannes leikstýri og við Fríðrik Þór förum á barinn.

Auðunn Jónsson kraftajötunn eða Auðun Helgason knattspyrnumaður? Best of both worlds bara.

Hraðann eða lífið? Lífið.



Lendir þú sjálfur í dag í gæjum sem eru eins og þú varst þá?

Já, ég kvarta ekkert yfir því. Ef fólk er að koma með hugmyndir og annað á djamminu þá hef ég nú alltaf hlustað á það, hvort sem það verður eitthvað úr því eða ekki. Við höfum líka gefið fullt af strákum séns. Við reyndum að vera með „Leitina“ sem gekk reyndar ekkert alltof vel, en við höfum líka tekið menn inn í þættina og gefið þeim séns.

Ef þú værir að flytja á mölina í dag, myndir þú sækja um vinnu hjá Simma og Jóa á Fabrikkunni?

Ég viðurkenni það og myndi finnst það töff.

Sagan segir að þegar þú fluttir fyrst í bæinn hafir þú sent þvottinn þinn norður til þess að láta mömmu þína þvo af þér.

Já, ég er aumingi og hef alltaf verið, það er bara þannig. Ég sendi henni þvottinn. Ég er reyndar byrjaður að þvo af mér í dag. Skrýtið að maður skuli segja það og vera stoltur af því. En ég hef alltaf verið hálfgerður aumingi og mömmustrákur í mér. Ég held hún hafi bara dekrað aðeins af mikið við mig. Ekki endilega fjárhagslega en á allan annan hátt.

Ef við vikjum til dagsins í dag. Hvað finnst þér um viðbrögðin við síðasta þætti ykkar Sveppa, þegar þið fenguð Einar Bárðarson til ykkar, og ásakanir um að þið séuð að hvetja til eineltis?

Ég er sammála Einari með að við höfum farið yfir strikið og margt af því sem við sögðum og gerðum var ekki sniðugt. En það var ekki gert í slæmri meiningu. Hvorki ég né Sveppi myndi nokkurn tímann hvetja til eineltis, það er bara ekki séns. Ég gerðist því miður svo ljótur að leggja annan strák í einelti þegar ég var yngri. Ég hef alltaf séð eftir því og hringdi í hann fyrir fimm árum og bað hann innilegrar afsökunar, sem hann kunni að meta. Ég hef alltaf verið á móti einelti og hef meira að segja farið og haldið fyrirlestira í skólum. Vissulega erum við Sveppi mikið að stríða hvor öðrum í þættinum okkar. Einar Bárðarson er að grenna sig fyrir framan alþjóð og okkur kannski fannst við hafa of mikið skotleyfi á hann. Það var rangt af okkur. Við

þekkjum hann vel og erum búinir að hitta hann í dag og allt í góðu. Það sem mér finnst leiðinlegast er að það á enginn að koma til okkar sem gestur og þurfa að sjá eftir því eða líða illa með það þegar hann horfir á þáttinn. Ég fékk mestan bömmur yfir því og svo náttúrulega ef fólk heldur að við séum að hvetja til eineltis. Það er algjört rugl.

Umboðsmaður barna hefur líka kvartað undan ykkur. Erud þið að misstíga ykkur svona oft eða er fólk að misskilja tilgang þáttarins?

Eftir öll þessi ár þá koma auðvitað upp móment þar sem við misstígum okkur. En það er aldrei gert viljandi. Við erum ekki að fá Einar Bárðarson í þáttinn til þess að kalla hann feitabollu og gera grín að honum fyrir að vera að berjast við aukakílóin. Þetta bara æxlaðist þannig klukkan fimm um morguninn. Við meinum vel þó að það séu sumir þarna úti sem haldi annað. Fyrst og fremst erum við að reyna að skemmta fólki.

Varstu algjör skíthæll þegar þú varst í menntaskóla?

Ekki í menntaskóla. Ég tók sem betur fer þroskakið á einhverjum tímum og fór að haga mér eins og maður. En ég var leiðinlegur krakki. Ég var hávær og hlaupandi um á typpinu og svona.

Hvað fannst þér um að hlustendur X-ins skyldu velja þig óviðkunnanlegasta celebið á dögunum?

Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá fannst mér leiðinlegt að heyrja það. Ég held að það myndi öllum finnst það leiðinlegt. En ég er ekki sammála því að ég sé ókurteis eins og einhverjir sögðu. Ég hef alltaf gætt að því að vera al-mennilegur við fólk. En þetta var nú ekkert sem ég var að hugsa meira út í.

Sveppi sagði að þetta væru fordómur því þú værir svo sætur.

Ég veit nú ekki með það, en það er fallett af honum að segja það.

Ætlið þið að gera aðra þáttaröð af Auða og Sveppa eftir að þessari lýkur?

Nei, það var ákveðið fyrir nokkru síðan að leggja þáttinn á hilluna eftir að þessi þáttaröð klárast í byrjun sumars. Þetta var lítið verkefni sem við áttum að fara í á meðan við vorum að finna annað en svo er þetta búið að vera í gangi núna í meira en tvö ár. Þetta er búið að vera gaman en við finnum báðir að okkur langar að taka að okkur ný og spennandi verkefni sem við getum lagt aðeins meiri vinnu í. Við komum líklega með eitthvað nýtt í sitt hvoru lagi næsta haust.

Trailerinn Leynilögga vakti heldur betur athygli. Nú er orðrómur um að það stundi til að gera alvöru bíómynd upp úr honum.

Það er stór þæling í gangi. Boltinn er byrjaður að rúlla en það er allt á byrjunarstigi. Það ætti ekki að koma á óvart





viðtalið

Ég gerðist því miður svo ljótur að leggja annan strák í einelti þegar ég var yngri. Ég hef alltaf séð eftir því og hringdi í hann fyrir fimm árum og það hann innilegrar afsökunar, sem hann kunnir að meta.



ef það yrði gerð mynd. Það er byrjað að skrifa og skemmtilegur hópur kemur að því. Það yrði virkilega gaman því mig hefur alltaf langað til að búa til bíómynd.

Hvert er skemmtilegasta verkefnið sem þú hefur tekið að þér á ferlinum?

Mér fannst ótrúlega gaman að gera Atvinnu-mennirnir okkar. Það voru algjör forréttindi að fá að gera svoleiðis þátt og fá að fara heim til allra þessara manna sem maður hefur litið upp til. Ég hugsa að ég sé stoltastur af þeim þáttum sem er athyglisvert því þar var litið um fíflaskap og meira um sjónvarp. En það sem stendur upp úr er eiginlega bara að hafa fengið að vinna við að fíflast með sínum bestu vinum og fengið laun fyrir. Það eru forréttindi.

Á það kannski betur við þig að gera efni þar sem fíflangangur er ekki aðalatriðið, eins og að leika?

Já, ég hef mikinn áhuga á því að gera meira af því að leika og eins að gera sjónvarpsefni þar sem fíflangangur er ekki aðalatriðið. Ég veit alveg að Sveppi og Pétur Jóhann eru mun myndnari en ég. Mér finnst alltaf jafnskrýtið þegar einhver segir við mig að þeir séu það vegna þess að það er bara staðreynd, þeir eru miklu myndnari. Ég hef komið öðruvísi að þættinum. Ég tel sjálfan mig góðan í því að vita hvað er myndið og hvað virkar, en það hefur ekkert alltaf verið mitt hlutverk að vera myndinn. Ef þú ert skemmtilegur í sjónvarpi er kannski léttara fyrir þig að taka verkefni á borð við til dæmis Atvinnumennina okkar og einhver alvarlegri án þess að þú þurfir að láta alla grenja úr hlátri. Þegar kemur að gríninu hjá okkur Sveppa þá hef ég oft litið á mig sem eins konar Scottie Pippen. Jordan hefði ekki unnið þessa sex titla hefði hann ekki haft Pippen með sér. En vissulega var Jordan sterkari og vinsælli leikmaður. Men þurfa að finna hvað þeir hafa og nýta sér það.

Ef þér byðist að verða forseti Íslands eitt kjörtímabil gegn því að drekka átta Burn-drykki á dag, myndir þú taka því?

Allan daginn. Það er myndið að maður lærir með tímanum að maður þarf að vera góður við kostandann sinn. Við Sveppi vorum skelfilegir fyrst, þá vorum við svo miklir töffarar og nenntum ekki að pæla neitt í kostandanum. En þegar öllu er á botninn hvolft er þetta sá sem borgar launin þín, þannig að maður þarf að vera góður við hann.

Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr, Simmi og Jói, Auddi og Sveppi. Hver er besti dúettinn og hver er verstí dúettinn?

Jón Gnarr og Sigurjón eru tvímælalaust myndnastir og Simmi og Jói eru duglegastir. Við Sveppi erum bara saman félagarnir eitthvað (hlær).

Þykki Special

Egill Gillz Einarsson fékk að semja nokkrar spurningar fyrir félagi sinn Audda.*

Líður þér best þegar þú ert með vel áfengan drykk og þú ert að þamba hann? Mér líður best í góðra vina hópi, eins og til dæmis á spilakvöldum, en viðurkenni að ég hata ekkert að hafa bjór við hönd.

Ertu spilafíkill og alkóhólisti þegar þú ferð til útlanda? Nei. Ég er blautari en héra heima og hata ekki að kíkja í póker, en þetta er fullhart orðað hjá Agli.

Ef það væri hægt að veðja á tvær rottur í kapphlaupi á Íslandi, myndirðu veðja á þær? Ef ég fengi góðar líkur.

Núna varstu mjór en samt feitur fyrir nokkrum árum. Í dag ertu hins vegar ekki ólíkur Jason Statham, sáemilega kjótaður og tekur 120 í bekk. Myndirðu segja að það væri bara þykka að þakka eða var það breyttur lífsstíll?

Egill má eiga það að hann á stóran þátt í að ég nennti að fara að æfa. Ég lít nú ekkert út eins og Jason Statham, en er vissulega í betra formi og hann á smá þátt í því.

Myndirðu éta pung fyrir að fá hárfur aftur? Allan daginn. Samt ekki allan daginn. Ég myndi gera það einu sinni.

Myndirðu setja tunguna á þér á punginn á Sveppa í 10 sekúndur ef þú fengir þykkt hárfur fyrir það? Já.

Er það rétt að þú kaupir það mikið af höttum í útlöndum að þú sért alltaf með hattapoka og hann er heilagari en allt, enginn má snerta hattapokann? (Skellihlær) Ég kaupi oft hatta og er stundum með hattapoka, eins asnalegt og það er að segja frá því, en hann er ekki heilagur.

Er það rétt að þú sért með mynd af Þykka berum að ofan heima hjá þér uppi á vegg? Það er rétt að hann gaf mér mynd af sér berum að ofan með kokteil í jólagjöf. En hún er inni í vaskahúsi, hún hangir ekki frammi.


Er það rétt að þú komst að Írísí, kærustunni þinni, einn daginn þar sem hún var að taka handhringing yfir þeirri mynd? Aldrei í lífinu. Það er eitthvað að honum!

*Egill, Auddi og Monitor hvetja ekki til eineltis þótt þessar spurningar kunnir að gefa annað til kynna.



ÓSKA-
LISTINN
MINN

...er algjör snilld!



Óskalistinn þinn fæst
í verslunum Nýherja



Hljóðbúnaður



Sjónvörp



Myndavélar



Tölvur og flakkarar



Prentarar

Fiðringur fyrir RFF helginni

Reykjavík Fashion Festival er haldið núna um helgina í annað sinn. Margir efnilegir hönnuðir koma þar fram og ýmsir viðburðir haldnir í kringum hátíðina.

Reykjavík Fashion Festival verður haldið dagana 31. mars – 3. apríl í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. 22 glæsilegir hönnuðir koma fram á hátíðinni í ár og verður dagskráin þétt. Íslensk fatahönnun hefur verið að blómstra á síðastliðnum árum og fer sífellt vaxandi. Hátíðir á borð við RFF eru tilvaldar fyrir fólk til þess að kynna þessum heimi enn betur. Dagskráin byrjar í kvöld með góðri tónlist á Hótel Borg. Pop-up markaður verður haldinn 1. og 2. apríl í gamla 17-húsinu á Laugaveginum í tengslum við hátíðina en þar koma saman hönnuðir og selja vörur sínar. Fjölbreyttir plötusnúðar og hljómsveitir spila um helgina svo sem, **Ghostface Killah**, DJ Margeir, Yamaho, 1985!, Captain Fufano og fleiri.

RFF í beinni

RFF verður í nánú samstarfi við **Liveproject**, sem er mynda- og myndbandablogg. „Í kringum hvern viðburð þá er opið fyrir alla til að senda og núna er þetta að verða auðveldara þar sem við kynnum splúnkunýtt forrit fyrir símann,“ segir Benedikt Freyr Jónsson einn af forsprökkum **Liveproject**. „En auðvitað skoðum við hvað kemur inn og ef það er eitthvað sem okkur mislíkar þá hendum við því út og skömmum notendann sem sendi inn“. Um að gera að kíkja á þetta. Nánari upplýsingar á rff.is og liveproject.is

HÖNNUÐIR SEM KOMA FRAM

Vera, Rain Dear, EYGLO, E-Label, Sonja Bent, Royal Extreme, Nikita, Sruli Recht, Forynja, Spaksmannsspjarir, Andersen & Lauth, REY, Shadow Creatures, DisDís, BIRNA, Hildur Yeoman, Kron by KRONKRON, Kalda, Áróra, HANNA felting, YR, MUNDI



ROYAL EXTREME SLÓ
Í GEGN Á RFF Í FYRRA



SPAKSMANNSPJARIR
ÁVALLT SMART



DÝRSLEGT OG HRÍFANDI
HJÁ FARMERS MARKET



ANNIA JIA SIGRAÐI
ELITE-KEPPNINA Í FYRRA

Leitað að Elite stúlkunni 2011

Elite fyrirsætukeppnin verður nú haldin í annað sinn á Íslandi. Fyrri keppnin var haldin í lok september í fyrra en er nú haldin í apríl á RFF hátíðinni en Elite útvegar einmitt fyrirsætur fyrir sýningarnar á hátíðinni. „Við höldum keppnina í september í fyrra fljótlega eftir að við opnuðum Elite. Ástæðan var sú að alþjóðlega keppnin var haldin strax í október og við vildum ná að taka þátt í henni,“ segir **Tinna Aðalbjörnsdóttir** hjá Elite. Stúlkurnar sem keppa eru 12 talsins og hafa þær verið að æfa allt að fjórum sinnum í viku í ströngum gönguæfingum hjá Tinna, í myndatökum og fleira. Keppnin fer fram í Listasafni Reykjavíkur næsta laugardag og opnar húsið kl. 14:00. Keppnin hefst stundvíslega kl. 15:00.

12 LEIÐIR ...að grennra útliti

1. Nægur svefn

Svefnlausar nætur þýða stressmiklir dagar. Læknaháskóli í Chicago gerði könnun á matarlyst og svefnvenjum 12 karlmanna. Í ljós kom að matarlyst hjá þeim sem fengu 4 tíma nætursvefn jókst um 23%. Reyndu því að lúlla í allavega 7 klukkutíma á nóttu, svo þú þurfir ekki að borða meira en þú þarft venjulega.

2. Tyggðu rólega

Ef þú ert alltaf að flýta þér og sest ekki niður til þess að borða rólega, heldur hendir einhverjum skyndibita í þig, þá skaltu vara þig. Samkvæmt könnun sem háskólinn á Rhode Island stóð að, innbyrðir kona sem borðar pastaréttinn sinn á 9 mínútum 646 kaloríur. Önnur sem borðar sama pastaréttinn á um hálf tíma innbyrðir 70 kaloríur.

3. Stressið og skapið

Rannsóknir hafa sýnt fram á það að því reiðari sem þú verður og því oftar sem reiðin nær tökum á þér, því líklegri ertu að safna spíki á björgunarhringinn. En fjandskapur og illindi auka einmitt líka líkurnar á hjartavandamálum. Hafðu það því hugfast næst þegar eitthvað rífur í taugarnar á þér, að draga andann djúpt 10 sinnum og spyrgja síðan sjálfa/n þig: Er þetta eitthvað til þess að pirra sig yfir?

4. Drekkstu meira vatn

Þetta hefur þú heyrt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Við erum gríðarlega heppin þjóð að fá svona ferskt vatn beint úr krananum. Vatn er besti drykkurinn, engar kaloríur, hollt og nauðsynlegt



fyrir líkama og húð. Ef þú ert háð/ur gosi áttaðu þig þá á því að ef þú drykkir alltaf vatn í staðinn fyrir gos, ímyndaðu þér hvað þú myndir grennast mikið og líta mun betur út!

5. Borðu líka meira vatn

Það þýðir ekkert að drekka 8 glös af vatni á dag og halda að það sé gott fyrir þig. Líkaminn þarf bara ákveðið magn af vatni og fyrir utan það værirðu bara á tojaranum allan liðlangan daginn. Þess vegna er sniðugt að borða vatnið. Það er gott að borða mikið af hráu grænmeti og ávöxtum. Þér líður betur í kroppnum en færð einnig viðeigandi næringarefni ásamt vökva.

6. Borðu minna á kvöldin

Ég er ein af þeim sem finnst fátíðlega gott að fá mér miðnætursnar. Jafnvel þó ég sé ekkert svöng, þá læðist græðgin að mér eins og lítill púki. Þetta má ekki. Meltingin hægir á sér á næturna og því er mjög óhollt að borða áður en lagst er til rekkju. Helst ekki borða neitt eftir klukkan 19 á kvöldin.

7. Borðu reglulega

Flestir geta verið sammála um það að hafa heyrt að minni máltíðir á dag sé málið. Ef þú borðar bara 3 máltíðir á dag, er líklegra að blóðsykurinn lækki sem lætur þér líða eins og glorsoltnum úlf. Einmitt þá ferðu að ráðast í nammi- eða snakkskápinn. Haltu mallakútnum sáttum og borðu oft en lítið í einu.

8. Ekki taka afgangana með heim

Ekki hegða þér eins og Kaninn og taka með þér „doggybag“ ef þú nærð ekki að klára matinn þinn á veitingastað. Í fyrsta lagi er mjög líklegt að þú takir

upp leifarnar og byrjir að narta þegar þú kemur heim og í öðru lagi missir maturinn megnið af næringarefnum sínum og tekur líka pláss í ísskápnum ... og í maganum!

9. Meira hráfæði

Hrár matur er mun vítamín- og steinefnaríkari en eldaður matur. Líkaminn á líka auðveldara með að melta hann. Til að útskýra málið frekar; googlaðu Mimi Kirk, hún er grænmetis- og jurtaæta til margra ára. Konan er sjötug en lítur ekki út fyrir að vera deginum eldri en 50. Gó hráfæði!

10. Drekkstu frekar te


Kaffielskendir kunna líklegast ekki að meta þetta. Öll þurfum við okkar örvun á morgnana til þess að koma okkur í gang og flestir nota koffínið til þess. Hins vegar, reyndu eins og þú getur að velja te fram yfir kaffi. Það er ekki bara betra fyrir líkamann heldur einnig vatnslosandi sem hefur grennandi áhrif.

11. Djarfur morgunmatur

Kraftmikill morgunmatur gerir daginn betri. Það er erfitt fyrir marga að byrja á því að fá sér vænan morgunmat, en það er eitthvað sem þarf bara að venja sig á. Fáðu þér t.d. hafragraut, AB-mjólk með músli og berjum eða jafnvel Cheerios með bönunum. Ljúffengt og hollt.

12. Vertu viðbúin/n

Þegar dagurinn þinn er þéttur og kannski lítill tími til að stoppa og fá sér að borða þá er sniðugt að grípa með sér eitthvað að heiman til að hafa yfir daginn.



Karakterar úr EVE Online mættu í Laugardalshöllina



ÞAÐ ER MIKIL VINNA AÐ GERA SVONA HÁRGREIÐSLU



GEIRI OG BEGGA STÓÐU SIG VEL OG STELPURNAR KLÁRAR Í SLAGINN



ÞÚ FERÐ EKKI MEÐ SVONA FÖRÐUN ÚT AÐ SKEMMTA ÞÉR



STELPURNAR VORU MÁLAÐAR EINS OG FÍGÚRUR Í EVE ONLINE

Tölvuleikjafyrirtækið **CCP** hélt EVE Online fanfest hátíðlega síðustu helgi og var það stærsta hátíð þeirra til þessa. Miðar á hátíðina, sem haldin var í Laugardalshöllinni, mokseldust og komu rúmlega þúsund spilarar **EVE Online** til landsins. Á laugardeginum spilaði hljómsveitin **Booka Shade** ásamt **FM Belfast** og fleirum og var því mikið fjör í höllinni. Stíllinn kíkti á undirbúning fyrir kvöldið en þá var verið að gera nokkrar stúlkur að EVE Online fígúrum. **Ásgeir Hjartarson** og **Bergþóra Þórsdóttir** sáu um hár og förðun og hafa gert það fyrir síðustu hátíðir. „Við vorum með 16 stelpur sem við förðuðum eins og Galliente-tribe úr EVE Online leiknum,“ segir Ásgeir.

Augnskuggar sem henta hárlitnum þínum

Ekki fara allir litir öllum vel. **Stíllinn** er sniðugur að vanda og hér eru nokkur ráð sem hjálpa þér að vera sæt og seiðandi sjö daga vikunnar. Áður en þú berð á þig augnskugga er gott ráð að bera ljósan felara á **T-svæðið** og undir augun, það dregur þau enn frekar fram.

Ef þú ert...

...**dökkhærð**, kemstu líklegast upp með að ganga með flesta liti á augnum. Bestu litirnir fyrir dökkhærða eru hins vegar gylltir og mjúkir litir á borð við ferskju- og kóraliti en einnig dökkir jarðtóna litir. Ekki gleyma maskaranum.



...**ljóshærð** hefurðu kannski tekið eftir því að það er erfðara að bera skæra og dramatiska liti. Allt sem þykir djarft, verður ennþá hvassara á blondínu, svo ekki missa þig í skinkunni. Keyptu þér rauðleita og rómantíska liti fyrir varimar en jafnvel daufa liti á augun svo sem fölbléikan eða brúnan.



...**rauðhærð** er jafnvel erfðara fyrir þig en aðra að finna þér lit einfaldlega vegna þess að rauðhærðir eru yfirleitt með mjög ljósa húð á móti sterka rauða litnum. Það er oft fallett að nota ljósa liti saman með ljóstri húð. Ef þú ert með rauðbrúnt hár er tilvalið að nota t.d. kampavinslit eða gráa tóna.



OPNUM

Á MORGUN Í KRINGLUNNI

Opnunartilboð



Bolur s/s
áður 2990
nú 990

Blúndukjöll
áður 6990
nú 3490

Jakki
áður 7990
nú 3490

Buxur
áður 7500
nú 3990

Kjöll
áður 6900
nú 3990

Kjöll
áður 5990
nú 2990

Kjöll
áður 8990
nú 4990

Frábær tilboð í tilefni opunarinnar í verslun okkar í Smáralind

VILA
CLOTHES

VILA KRINGLAN | SMÁRALIND | WWW.VILA.DK



Langar þig að slá í gegn?



HEIMSMET Í FLESTUM GRÍMUKLÆDDUM STRUMPUM SLEGID

Heimsmet

Það hljómar kannski erfitt en allir ættu að geta fundið sér eitthvað til að slá heimsmet í. Til dæmis er skráð í heimsmetabók Guinness met í að rista brauð. Þú gætir jafnvel fengið sem flesta til að koma saman og setja hendurnar upp í loft á sama tíma. Það er meira að segja hægt að öðlast frægð við að reyna að slá heimsmet nú þegar YouTube er komið til sögunnar.

Það virðist vera hægt að slá heimsmet í hverju sem er.

Líklega tímafrekt.



HVAD ÆTLI ÞAD TAKI LANGAN TÍMA AÐ LÁTA SÉR VAXA SVONA NEGLUR?

CHRIS CROCKER BER HAG BRITNEY FYRIR BRJÓSTI

KEENAN CAHILL ER UPPÁHALD ALLRA Í HOLLYWOOD

Marga dreymir um að öðlast heimsfrægð og sumir væru til í að gera allt fyrir frægðina. Hér eru nokkrar góðar aðferðir fyrir þá sem stefna á toppinn eða vilja einfaldlega bara vekja meiri athygli á sjálfum sér.



YouTube

Ódyrt í framkvæmd.

Yfirleitt nauðsynlegt að gera sig að fífla um leið.



ALLIR VITA HVER MÓDIR TERESA ER

Góðgerðarstörf

Gefðu mikinn pening eða eyddu miklum tíma í góðgerðarstörf og reyndu að komast í helstu fjölmiðlana. Góðverk eru alltaf vinsæl. Um daginn fjölluðu allir helstu fjölmiðlarnir um konu sem tók upp plastflösku af gólfi í verslunarmiðstöð og henti henni í ruslið. Auðvelt, ekki satt?

Gefandi.

HEATHER MILLS ER SJÚK Í GÓÐGERÐARSTÖRF EN HÚN VAR LÍKA GIFT PAUL MCCARTNEY

Erfitt að safna miklum pening til að gefa.



YouTube

Gerðu eitthvað fánlegt, taktu það upp á myndband og settu á YouTube. Aðdáandi Britney Spears sem bað fólk um að láta hana í friði varð frægur á einni nóttu svo hugmyndin þarf ekki einu sinni að vera góð.

Sambönd

Til að gulltryggja frægðina er ótrúlega sniðugt að vera skyldmenni einhvers frægs einstaklings, eiga í ástarsambandi við frægan einstakling eða einfaldlega þekkja einhverjum frægan. Paris Hilton er til dæmis ekki fræg fyrir neitt annað en að vera dóttir föður síns og reyndar mikið partíþol.

Krefst engra hæfileika.

Tímefrekt að koma sér í samband við fræga einstaklinga.

PARIS HILTON ER MED ÞEIM ATHYGLISSJÚKARI



Raunveruleikabættir

Þessi leið til frægðar er málið fyrir þá sem eru tilbúnir til að opinbera líf sitt fyrir almenningi. Það eru kannski ekki margir möguleikar á að taka þátt í raunveruleikabáttum á Íslandi en ekki gefast upp því þú þarft ekki að leita lengra en til Bretlands til að finna um það bil þúsund slíka.

Hæfileikar

Ef þú syngur vel, getur leikið eða hefur einhvern frábæran hæfileika er það gullni miðinn til Hollywood. Samkeppnin er reyndar fánlega hörð en málið er að reyna að vera öðruvísi en hinir til að vekja athygli.

Varanlegur árangur.

Hörð samkeppni.



BEYONCÉ KANN ÞETTA

Gæti reynst erfitt andlega.



KARDASHIAN SYSTURNAR EIGA SINN EIGIN RAUNVERULEIKABÁTT

Krefst engra hæfileika.


Uppfinning

Mögulega erfðasta leiðin til frægðar en án efa ein sú skemmtilegasta. Það virðist sem allt hafi nú þegar verið fundið upp en finnið upp eitthvað sem almenningur vill kaupa ertu á grænni grein.

Gæti rakað inn milljónum.

Litlar líkur á árangri.

MARK ZUCKERBERG FÉKK MEIRA AÐ SEGJA BIÓMYND UM SIG



Lækjargata 8

www.gamlasmidjan.is

Pizzeria

s. 578 8555

Heimsendingarþjónusta

Heimsendingarþjónusta



www.gamlasmidjan.is

16" Pizza m. 3 áleggstegundum
16" Hvítlauksbrauð
2l. Coke

3500_{kr.}
heimsent

3200_{kr.}
sótt

12" Pizza m. 3 áleggstegundum
12" Hvítlauksbrauð
1l. Coke

2500_{kr.}
heimsent


2200_{kr.}
sótt



Opnunartími: mán-fim 11-22, fös 11-06, lau 12-06 og sun 12-22

Upphaldskvikmynd **Steinda Jr.** er gamanmynd frá 10. áratugnum, **Billy Madison**. Hún fær aðeins **1,6** í einkunn á kvikmyndavefnum **Metacritic**.

FERILLINN



Russell Brand

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Aldous Snow í Forgetting Sarah Marshall.
Staðreynd: Fór í prufu fyrir strákahljómssveitina Five á sínum tíma.
Eitruð tilvitnun: „Ég er að leita að hinni einu réttu og ég mun finna hana fljótar ef ég prófa alltaf tvær í einu.“

1975 Fæddist þann 4. júní í Essex á Englandi. Brand átti erfiða æsku og ólst einungis upp hjá veikri móður sinni.

1989 Flutti að heiman og hætti í skóla. Byrjaði að neyta heróíns, kannabis-efna, amfetamíns, LSD og kókaíns. Gerðist grænmetisæta og hefur verið það síðan.

1995 Komst inn í leiklistarskólann Drama Centre í London. Brand var á þessum tíma háður heróíni og alkóhólísti. Hann var rekinn á síðasta ári sínu við skólann eftir að hafa brotið glas á höfði sínu og stungið sjálfan sig í brjóstid og handleggi eftir léleg viðbrögð við frammistöðu hans í leikriti.

2000 Byrjaði að koma fram sem uppistandari og vakti athygli umboðsmanns í úrslitum uppistandskeppni í Bretlandi. Vann á MTV við að kynna þáttinn Dancefloor Charts. Var rekinn eftir að hafa mætt í vinnuna klæddur eins og Osama Bin Laden þann 12. september 2001, daginn eftir árásina á tvíburaturnana í New York.

2004 Sló í gegn með uppistands-sýningunni Better Now þar sem hann talaði mjög opinátt um neyslu sína. Á eftir fylgdu fjölmargar sýningar sem Brand sýndi um allan heim og nokkrar þeirra hafa komið út á DVD.

2008 Kynnti MTV Video Music Awards og fékk nokkur hótunarbref að þeim loknum. Brand likti Britney Spears við Jesú Krist, hvatti áhorfendur til að kjósa Barack Obama og kallaði þáverandi Bandaríkjaforseta, George W. Bush, vangefinn.

2008 Sigráði Hollywood sem sjálfhverfa rokkstjarnan Aldous Snow í kvikmyndinni Forgetting Sarah Marshall.

2010 Trúlofaðist söngkonunni Katy Perry. Þau giftu sig á Indlandi sama ár.



Frum-sýningar helgarinnar

EGGERT ÞORLEIFS OG STEFÁN KARL
MÆLA MEÐ KURTEISU FÓLK

Kurteist fólk

Leikstjóri: Olaf de Fleur Johannesson
Aðalhlutverk: Stefán Karl Stefánsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.



Lengd: 100 mínútur.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.
 Óháfur verkfræðingur lýgur sig inn í samfélag á Vesturlandi og þykist geta komið sláturhúsi staðarins í gang á ný. Óafvitandi gengur hann inn í litla heimsstyrjöld sem ríkir í einkalífi íbúa og pólitík bæjarfélagsins.

Hopp

Leikstjóri: Tim Hill.
Leikraddir: Russell Brand, James Marsden og Elizabeth Perkins.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Lengd: 95 mínútur.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.
Iðjuleysinginn Fred keyrir á Páskakanínuna og þarf að taka á sínum stóra og sjá til þess að Páskakanínan jafni sig til að koma í veg fyrir brostin hjörtu barna um allan heim. Það er hins vegar allt annað en auðvelt verkefni því Páskakanínan er erfiður



Sucker Punch

Leikstjóri: Zack Snyder.
Leikraddir: Vanessa Hudgens, Emily Browning, Abbie Cornish og Jena Malone.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Lengd: 109 mínútur.
Kvikmyndahús: Sambíóin.
 Ævintýrahasarmynd um unga stúlku sem lifir í dökkum veruleika en fjótt ímyndunarafl hennar gerir henni kleift að lenda í ótrúlegum ævintýrum svo mörkin milli ímyndunar og raunveruleika eru



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **Kurteist fólk**. Þú þarft bara að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vinnunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladid

KVIKMYND

Limitless
MAMAM
Leikstjóri: Neil Burger.
Aðalhlutverk: Bradley Cooper, Anna Friel, Abbie Cornish og Robert De Niro.
Lengd: 105 mínútur.

BRADLEY COOPER TREDUR MARVAÐA EFTIR AÐ HAFJA LYFJAD SIG VEL UPP

Fín hugmynd sem fjarar út

Limitless fjallar um rithöfundinn Eddie Morra sem er með allt niðrum sig en áskotnast pillu sem gerir honum kleift að nota fulla getu heilans og verða ofurgáfaður.

Myndin byrjar vel og nær strax að fanga athygli manns. Hún er virkilega flott og vel gerð útlitslega. Flott myndataka og skemmtilegar útfærslur á myndefninu. Leikstjórinn Neil Burger ákvað til dæmis að fara þá leið að hafa litina mismunandi eftir því hvort Eddie væri undir áhrifum töflunnar eða ekki. Það kemur skemmtilega út og er sniðug leið til að gefa manni innsýn inn í hugarheim hans á meðan áhrifin standa yfir.

Fín hugmynd sem fjarar út

Bradley Cooper leikur Eddie Morra og gerir það búsna vel. Cooper er alltaf að fá bitastæðari hlutverk í Hollywood og sýnir hér að hann á það alveg skilið. Robert De Niro leikur auðjöfurinn Carl Van Loon sem Eddie kynnist um miðbik myndarinnar. Mér

finnst alltaf gaman að sjá De Niro en verð um leið alltaf fyrir smá vonbrigðum því maður býst alltaf við svo miklu frá honum. Það er þó kannski meira mitt vandamál heldur en hans. Hér fannst mér hann einmitt bara svipaður og hann hefur verið í síðustu myndum, ekkert nýtt en þó alltaf frekar pottþéttur.

Þrátt fyrir gott útlit og góðan leik þá náði myndin ekki alveg að heilla mig. Mér fannst alltaf eitthvað vanta. Myndin byggðist upp jafnt og þétt en síðan fjarði hún bara út. Svólítið eins og þeir hafi ekki alveg vitað hvernig þeir ættu að enda hana. Mér leiddist þó aldrei og myndin á fina spretti inn á milli. Flott útlit og skemmtileg hugmynd. Limitless nær þó aldrei að verða neitt meira en miðlungsmýnd sem gleymist fljótt.

Kristján Sturla Bjarnason



Popp-korn

Fyrsta kvikmyndin sem segir frá samkynhneigðum einstaklingum sem fengið hefur sýningarétt í Malasíu var frumsýnd í síðustu viku og sló rækilega í gegn. Metaðsókn var á myndina sem segir frá manni sem fer í kynleiðréttingaraðgerð til að þóknast elskhuga sínum en aðgerðin gerir ekkert nema flækja málin í ástarsambandi þeirra.



Mörgæsirnar úr tölvuteiknimyndinni Madagascar fá nú sína eigin kvikmynd í fullri lengd. Dreamworks fyrirtækið hefur ákveðið að framleiða myndina. Ekki er komið í ljós hvað þeir Skipper, Kowalski, Private og Rico taka sér fyrir hendur í myndinni en þeir hafa slegið í gegn í sjónvarpsþáttum vestanhafs á undanföllum árum.



Melissa Rosenberg er einna þekktust fyrir að skrifa handritið að Twilight-seríunni og nú eru framleiðendur æstir í að fá hana í næsta verkefni. Það mun vera að skrifa kvikmyndahandrit upp úr vísindaskáldsögunni Earthseed eftir Pamela Sargent. Bókin segir frá skipi fullu af DNA frá Jörðu sem leitar að öðrum plánetum til að búa á.



Framhald teiknimyndarinnar

Monsters Inc. hefur fengið nafnið Monsters University. Hún mun segja frá því hvernig skrímslin Sully og Mike kynntust í háskóla og voru á tímabili verstu óvinir. Billy Crystal og John Goodman munu snúa sér aftur að talsetningu fyrir félagana og Steve Buscemi verður aftur í hlutverki óvinarinnar Randall.



Leikstjórinn Roger Michell reynir þessa dagana að fá **Bill Murray** til að leika í nýjustu kvikmynd sinni, Hyde Park On The Hudson. Michell vill fá Murray í hlutverk fyrrverandi Bandaríkjaforsetans Franklin D. Roosevelt en útvarpsleikritið sem myndin er byggð á segir frá ástarsambandi forsetans við fjarskylda frænku sína, Margaret Stuckley.



TÖLVULEIKUR



Crisis 2

AAAAA

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 16+

Útgefandi: EA

Dómar: Gamespot: 8,5 / IGN: 9 / Eurogamer: 8



ÞESSI YRÐI EKKI VINSÆLL Í LEIGUBÍLARÖÐINNI

New York, New York...

Það er gaman að vera skotleikjanörð þessa dagana, enda hefur nánast endalaust flæði skotleikja hellst yfir markaðinn. Sá nýjasti er Crisis 2, en leikurinn gerist í New York árið 2023. Geimverur hafa ráðist á borgina og eru jafnt og þétt að vinna að því að rústa henni. Leikmenn fara í hlutverk hermanns sem ber viðurnefnið Alactraz og dregst hann inn í atburðarrás sem er hröð, spennandi og þétt.

Í upphafi leiksins fær okkar maður búning sem heitir „nanosuit“. Það er í raun þessi búningur sem skilur Crisis 2 frá öðrum skotleikjum, en leikmenn geta nýtt krafta búningsins til að spila leikinn. Kraftarnir eru meiri hraði, hærra stökk, betri brynja og hæfileikinn að verða ósýnilegur. Hver þessara krafta dugar aðeins í stutta stund þar sem þeir taka orku og þarf búningurinn að hlaða hana reglulega.

Taktískari netspilun

Spilun Crisis 2 býður upp á verulegt frelsi og ráða leikmenn hvernig þeir tækla hvert verkefni. Gildir þá einu hvort leikmenn vilja vaða áfram með allar byssur á lofti eða hvort þeir vilja gera sig ósýnilega og læðast um framhjá hættunum.

Fyrir utan söguþráðinn geta leikmenn spilað Crisis 2 á netinu og geta allt að 12 spilað í einu í fjölmörgum leikja-afbrigðum. Eftir hvern leik fá menn XP-stig og nota þau til að hækka í tign, fá ný vopn og nýja krafta. Netspilun Crisis 2 er að vissu leyti taktiskari en í öðrum leikjum þar sem leikmenn geta nýtt krafta búningsins.

New York lifnar við

Grafíkin í Crisis 2 er keyrð áfram af grafíkvélinni CryEngine 3 og klárt að þar er á ferðinni einhver flottasta grafíkvél sem til er á markaðnum í dag. Þetta gerir það að verkum að New York borg lifnar hér við á ótrúlegan máta og frábært að

taka þátt í æsispennandi bardögum á helstu stöðum, en í leiknum eru Wall Street, Frelsisstytta, Central Park og fleiri þekktir staðir.

Hljóð leiksins er mjög gott, en tónlistin er samin af Hans Zimmer sem hefur meðal annars séð um tónlistina í kvikmyndum á borð við Dark Knight og Pirates of the Caribbean. Talsetning er mjög vel gerð og blæs góðu lífi í persónur leiksins.

Það er klárt að borgin sem Geir Ólafsson söng svo fallega um, New York, New York... hefur látið á sjá eftir ágang geimvera, en það eru góðar líkur á því að Crisis 2 gæti orðið jafn mikil klassík og Sinatra smellurinn ódauðlegi.



Ólafur Þór Jónsson

KVIKMYNDA

quiz



Hvað veistu um grínmyndir 10. áratugarins?

1. Í hvaða mynd lék Jim Carrey lúðann Stanley Ipkiss?
2. Hvaða hlunktur breyttist í kvennatryllinn Buddy Love þegar hann drakk töfraformúlu?
3. Hver leikstýrði myndinni Clerks?
4. Í hvaða mynd frá árinu 1998 léku Ben Stiller, Cameron Diaz og Matt Dillon?
5. Hvaða íþrótt stundaði Happy Gilmore sem Adam Sandler lék í samnefndri kvikmynd?
6. Hvaða mynd sagði frá ævintýrum þeirra Harry Dunne og Lloyd Christmas?
7. Hvaða hljómsveit dýrkaði Muriel í myndinni Muriel's Wedding?



8. Hver lék aðalhlutverkið í Naked Gun-myndunum?

9. Við hvað starfaði Ace Ventura í samnefndri kvikmynd?



10. Hvaða leikari varð óléttur í kvikmyndinni Junior?

11. Hver lék aðalhlutverkið í myndinni Hot Shots! frá árinu 1991?

12. Við hvað starfaði Bill Murray í kvikmyndinni Groundhog Day?

EINKUNNASPJALDIÐ

11-12 RÉTT Þú ert afkvæmi Leslie Nielsen og Whoopi Goldberg. Bróðir þinn er Jim Carrey.

8-10 RÉTT Þú ert algjör Cable Guy en líklega ertu ekki að fara að drepa neinn.

6-7 RÉTT Þú ert búin/n að sjá Tommy Boy en þú ert ekki að fara að láta syngja „Fat guy in a little coat“ í brúðkaupinu þínu.

3-5 RÉTT Annað hvort fæddist þú eftir aldamótin eða þú áttir aldrei sjónvarp. Ekki einu sinni Billy Madison væri ánægður með þessa frammistöðu.

0-2 RÉTT Þú ættir að skammast þín.

Rétt svör: 1. The Mask, 2. The Nutty Professor (Sherman Klump), 3. Kevin Smith, 4. There's Something About Mary, 5. Golf, 6. Dumb and Dumber, 7. Abba, 8. Leslie Nielsen, 9. Gæluþrasparjari, 10. Arnold Schwarzenegger, 11. Charlie Sheen, 12. Hann var vedurfréttamaður.

Vertu með á Akureyri 7.-10. apríl 2011!

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

VERTU MEÐ

FAKTÓRÝ
Lára Rúnars og Rúnar Þóris
Fimmtudagur kl. 21



Pabbi er svo rokkaður

Feðginin Lára Rúnarsdóttir og Rúnar Þórisson verða með tónleika á Faktóré í kvöld. „Það er mjög skemmtileg flóra af fólki sem mætir þegar tvær kynslóðir mætast,“ segir Lára spennt fyrir tónleikunum en hún hefur aðeins einu sinni áður haldið tónleika með pabba sínum. „Við tókum Fuglabúrið á Café Rósenberg í nóvember en annars höfum við ekkert verið að spila saman,“ segir hún en í þetta skiptið verða tónleikarnir með öðru sniði. „Við spilum í sitthvoru lagi þó ég sé reyndar líka í hljómsveitinni hans,“ útskýrir Lára sem vinnur nú að fjórðu breiðskífu sinni sem tónleikagestir munu fá sýnishorn af. „Ég tek nokkur ný lög af næstu plötu sem er núna í vinnslu,“ segir hún spennt fyrir tónleikunum. „Það verður allt gefið í þessa tónleika,“ segir Lára og bendir á að pabbi hennar verði líklega með kraftmikla tónleika. „Þetta verður algeng smá rokk, sérstaklega hjá pabba gamla,“ segir hún stolt af pabba sínum. „Hann er svo rokkaður.“ Húsið opnar kl. 21 og tónleikarnir hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Ljósmynd/Hörður Ellert Ólafsson

fílófaxið

fimmtudagur 31 mars laugardagur 2 apríl

NÝBYLGJU SÍBYLJA
Sódóma
21:30 Hljómsveitin Ég, Loji, Hellvar og Baku Baku halda uppi stuðinu. Fullt af tónlist og mikið fjör. Aðgangseyrir er 500 krónur. Fyrsti gestur í hús gæti unnið flatskjá og utanlandsferð að sögn umsónarmanna tónleikanna.

THE AP-HOE-CALYPSE
Faktóré
22:00 Nate Dogg tribute-kvöld með Dj Atla kanilsnúð. Eftir flauelsrapparnum Nate Dogg liggja margar smellir sem verða leiknir fram eftir kvöldi. Gestir eru hvattir til að mæta með tóbaksklut um ennið. Fritt inn.

föstudagur 1 apríl

SVÍNARÍ Á FAKTÓRÝ
Faktóré
22:00 Monitor og Tuborg bjóða þér í tónleikaveislu. Svínari verður mánaðarlegt tónlistarkvöld fyrsta föstudag hvers mánaðar. Fram koma Agent Fresco, Reason To Believe og The Vintage Caravan. Fritt inn og tilboð á barnum. Ekki láta gabba þig, farðu á Svínari.



EKKI MISSA AF AGENT FRESKO Á SVÍNARÍ MONITOR



Bólurnar burt!

„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“

Vanessa Williams

proactiv SOLUTION

www.heilsubudin.is

MARKAÐUR ÍSLENSKRA FATAHÖNNUÐA
Laugavegur 91
11:00 Pop-up verslun Reykjavík Fashion Festival stendur yfir dagana 2.-3. apríl í gamla Galleri Sautján húsnaðinu á Laugavegi. Rúmlega þrjátíu íslenskir fatahönnuðir kynna og selja nýjar og eldri vörur með allt að 70% afslætti. Te og kaffi bjóða upp á veitingar á góðu verði.

ÍSLANDSMÓT Í ÓLSEN ÓLSEN
Gullöldin, Grafarvogi
19:00 Opna Íslandsmót í Ólsen Ólsen fyrir alla þá sem telja sig vera afburðagóða í spiliinu fræga. Skemmtiatriði, stuð, bikar og fjöldi aukavinninga verða á boðstólum. Þátttökugjald rennur óskipti í verðlaunafé.

MEGAS OG SENUÞJÓFARNIR
Norðurpóllinn
21:00 Fyrstu tónleikar Megasar og Senuþjófanna til að fagna útgáfu plötunnar (Hugboð um) Vandræði sem kemur út þann 4. apríl. Miðaverð er 2.500 krónur og nálgast má miða á Midi.is.

TODAY IS THE DAY
Sódóma
16:00/23:00 Bandaríska þungavigtarsveitin leikur í fyrsta skipti á klakanum. Skyldumæting fyrir þungarokksaðdáendur sem og alla þá sem kunna að meta frumlega og góða tónlist. Að deginum til sjá Gone Postal og Swords Of Chaos um upphitun en um kvöldið er 20 ára aldurstakmark og Klink, Momentum og Celestine sjá um upphitun. Miðaverð er 1.500 krónur á fyrri tónleikana og 2.000 krónur á þá seinni.

GHOSTFACE KILLAH
Nasa
23:30 Goðsögnin Ghostface Killah í allri sinni dýrð. Tónleikarnir eru hápunktur tónlistardagskrár Reykjavík Fashion Festival um helgina. Sin Fang og hljómsveitin 1985! sem er skipuð þeim Dóra DNA og Dj Danna Deluxe sjá um að hita upp fyrir kauda. Miðaverð er 3.900 krónur.

LOKAPRÓFIÐ

31. mars 2011 | **MONITOR skólinn**

Ég heiti Ragnhildur Steinunn það sem fáir vita um mig er að ég á 4 ára systur

Þú veist hver ég er af því að ég er stundum inni stofni hjá þér

Mér finnst skemmtilegast að
a) Vera í sjónvarpinu
b) Leika í bíómyndum
c) Dansa í söngleikjum
d) Spila á gítarinn
e) Allt ofantalið, get ekki valið á milli

Af því að þetta er allt svo skemmtilegt

Heitasti knattspyrnumaðurinn fyrir utan manninn minn er Fredrik Ljungberg en 27 27 er sá ófrýnilegasti.

Fallegasti staður á Íslandi er
a) Keflavík
b) Eldey
c) Keilir
d) Bláa lónið
e) Leifsstöð
f) _____

Af því að hún er drottning Atlantshafsins

Ef ég væri ekki Ragnhildur Steinunn vildi ég helst vera
a) Ragga Gísla
b) Raggi Bjarna
c) Ragnheiður Gröndal
d) Ragnar Zólberg
e) Ragnheiður Steinunn

Af því að húni er svo óþjálflega töff !!

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:
R. Steinunn Jóns

Þó ég sé hætt í fimleikum get ég enn farið í
 Heljarstökk.
 Handahlaup.
 Þrepda skrúfu. FINNALDA
 Kollhnís.
 Brú.
 Splitt.
 Spíkat.
 Flick-flakk. VEI VEI !!
 Krabbastöðu.

Besta kvikmynd allra tíma er Shawshank Redemption en sú versta er Black Swan! Venþúgði

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fá mér hádegismat með
a) Beyoncé Knowles
b) Justin Bieber
c) Barack Obama
d) Natalie Portman
e) Bono

Til að spyrja út í Harvard!

Uppáhaldsmaturinn minn er Naustrík m. beinaise en ég kúgast við tilhugunina um að borða Svidakjamma!

Af Spice Girls líkist ég mest
a) Emmu (Baby Spice)
b) Victoríu (Posh Spice)
c) Mel B (Scary Spice)
d) Geri (Ginger Spice)
e) Mel C (Sporty Spice)

Af því að ég fela hleparðamyntu smá föt!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Ilmi Kristján til að leika mig en líklega yrði það samt Siggi Sigurjóns

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Eldey Fila Hawked Rocks!!!








Síðast en ekki síst

» Marteinn Sindri, stigavörður Gettu betur, fílar:

Kvikmynd
Mér þykir óhætt að mæla með kvikmynd Luc Besson, The Big Blue. Myndin hefur fylgt mér síðan ég sá hana fyrst barnungur og heillaðist gjörsamlega af höfrungum og djúpsjávarköfurum. Svo er tónlist Eric Senna við kvikmyndina engu lík.

Sjónvarpsþáttur
Ég horfi mjög sjaldan á sjónvarpið, hvað þá að ég nái að fylgjast með heilli seríu. Byrjaði samt að horfa á Twin Peaks fyrr í vetur sem töfrudu mig upp úr skónum. Ekki segja mér hver drap Lauru Palmer, ég á eftir að klára að horfa.

Bók
Bókin Óbærilegur léttleiki tilverunnar eftir Milan Kundera hefur ætíð verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Annars les ég mikið og jafnan eru margar bækur á lofti hjá mér. Þessa dagana eru það þó aðallega skólabækur.

Plata
Búum til börn með hljómsveitinni Moses Hightower hefur verið í spilaranum nánast stanslaust frá áramótum. Plata sem auðgar lífið og léttir lund. Ég kann alla textana og syng með. Þar koma líka kafarar við sögu.

Staður
Ég kann best við mig í heita pottinum í einhverri Sundlauga Reykjavíkur. Þar er yndislegt að hlaða batteríin, lygna aftur augunum og láta hugann reika. Þar er líka hægt að æfa sig að kafa.







TUBORG OG MONITOR KYNNNA:

SVÍNARÍ Á FAKTORÝ

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 1. APRÍL

Agent
Fresco

Reason
to Believe

The Vintage
Caravan

ATH
þetta er ekki
aprílgabb!

**FRÍTT
INN**

**MÆTTU
TÍMANLEGA
KL. 22**

MONITOR

LETÓL
TUBORG
LIQUID SOUNDTRACK

FAKTORÝ



SÖNGKEPPNI
FRAMBALDSSKOLANNA



Vertu með á Akureyri 7.-10. apríl 2011!

Vertu með Netið í símanum – 300 MB fyrir aðeins
490 kr. á mánuði og 0 kr. á netið alla miðvikudaga í apríl.

www.ring.is / m.ring.is  www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

*0 kr. á miðvikudögum – gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.